# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012, Túnahverfi, Dalvíkurbyggð.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. ágúst 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012, frá 25. maí 1993.

Breytingin felst í því að landnotkun íbúðasvæðis í Túnahverfi sem afmarkast af vegi að skíðasvæði að sunnan, Böggvisbraut að austan, mörk fólkvangs að vestan og kirkjugarði við Dalvíkurkirkju og opnu svæði að norðan, stækkar úr 4,79 ha í 5,42 ha. Þéttleiki byggðar verður um 10 íbúðar á ha.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 29. ágúst 2007.*

F. h. r.
**Logi Kjartansson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 13. september 2007